

74 getur vatnsrás. Sorp, slor, matarleifar, aska og önnur óhreinindi, skulu látin í sérstök lokuð ílát, er fylgja skulu hverju húsi, og ákveður heilbrigðisnefnd tölu ílátanna fyrir hvert einstakt hús. Ílát þessi útvegar bæjarstjórn, gegn endurgjaldi frá húseigendum. Bærinn annast um losun ílátanna án endurgjalds.

Meðan fiskverkun er leyfð á lóð kaupstaðarins, skal hún háð sérstöku effirliti heilbrigðisnefndar, og fari að öllu leyti fram á þann hátt, er hún skipar fyrir.

Hey, hálm, þang, mykju, mó, mold eða annað þess háttar, sem slæðist niður eða hrynur niður við flutning um götur eða svæði, sem almenningur fer um, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa upp samstundis. Annars eiga ílát þau, sem áburður er fluttur í, að vera lokuð, og svo þétt, og eigi fyllri en svo, að ekki hrynji úr þeim, meðan á flutningi stendur.

2. gr.

22. gr. orðist svo:

Slógi, hausum og öðrum fisúrgangi má eigi kasta í sjóinn; skal því safnað í þar til gerð ílát, er flytja skal burtu samdægurs, á þá staði, sem heilbrigðisnefnd segir fyrir um.

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 17. júlí 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Gústav A. Jónasson.

75

23. júlí

REGLUGERÐ

um fiskumbúðastriga.

Samkvæmt lögum nr. 92, 3. maí 1935 um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um notkun og sölu striga (Hessian) í fiskumbúðir.

1. gr.

Umbúðastrigi um saltfisk sé ofinn úr hampi (jute) eða öðru ekki óstyrkara efni. Striginn má ekki vera lakari en það, að hver fermetri vegi að minnsta kosti 230 grömm, og að ekki minna en 3,8 þræðir komi á hvern cm. í lengd og breidd vefsins.

2. gr.

Þeim, sem flytja inn fiskumbúðir, er skylt að láta löggiltan fiskimatsmann athuga hverja sendingu, og setur hann löggildingarmerki á hverja strigarúllu, sem er hæf til umbúða samkvæmt 1. gr. Merkið lítur þannig út:



Aðrir en þar til löggiltir fiskimatsmenn mega ekki setja merki þetta á umgetnar strigarúllur.

Innflytjandi greiði 10 auna til fiskimatsmanns fyrir merking hverrar strigarúllu.

Bannað er að selja eða nota til umbúða um saltfisk til útflutnings annan striga en þann, sem þannig er merktur, en ef sérstaklega stendur á getur fiskimatsstjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

3. gr.

Fiskimatsmenn, sem hafa umsjón með fiskpökkun, skulu í hvert sinn athuga að strigarúllur þær, sem umbúðir eru ristar af, séu merktar eins og segir í 2. gr.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða 100—1000 kr. sektum til ríkissjóðs nema þyngri refsing liggi við. Með mál út af brotum skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi öðlast gildi 15. ágúst þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. júlí 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.